

19.5.2016

Sendi hér í tölvupósti umsagnir / athugasemdir Fljótsdalshéraðs við neðangreindu frumvarpi. Formlegt bréf með þessum bókunum er á leiðinni með landpóstinum.

Kv. Stefán Br.

**201605041 - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vatnajökulspjóðgarð.**

Erindi í tölvupósti dagsett 4. maí 2016 þar sem Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður skrifstofu Alþingis, óskar eftir umsögn um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um Vatnajökulspjóðgarð 673. mál.

Umsögnin óskast send rafrænt fyrir 18. maí nk.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Bæjarstjórn tekur undir með umhverfis- og framkvæmdanefnd og gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Ákvæðið um bann við utanvegaakstri er óþarft. Náttúruverndarlögin taka vel á þessum málum og ekki ástæða til að setja meira inn í þessi lög heldur en fyrir er í gildandi lögum.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. 15 gr. c liður, ákvæði um bann við lendingu loftfara nema með sérstöku leyfi. Vatnajökulspjóðgarður átti að styrkja við ferðamennsku á svæðinu. Með þessu ákvæði er verið að setja fótinn fyrir eina tegund hennar sem eru þyrluferðir. Ef umferð loftfara eykst í garðinum væri nær að skilgreina landingarstaði rétt eins og bílastæði eða næturhólf fyrir hesta. Á Íslandi eru í gildi lög um loftferðir og því ekki ástæða til að setja sér lög um þau í þjóðgarðinum.

Samþykkt með 8 atkv. og 1 var á móti (SBS)

3. Sú tilhneiging til miðstýringar sem kemur fram í lögnum telur bæjarstjórn ekki í þeim anda sem lagt var upp með á sínum tíma. Bæjarstjórn leggst gegn því sem fram kemur í 8 gr. og leggur áherslu á að ráðningar þjóðgarðsvarða verði á hendi viðkomandi svæðisráða og að samstarf við stofnanir, sveitarfélög, landeigendur og aðra verði á hendi þjóðgarðsvarða á hverju svæði.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4. 18 gr. 2 mgr. Að þjóðgarðsverði sé heimilt að loka ákveðnum svæðum og leiðum fyrirvaralaust.

Ekki er ásættanlegt að þjóðgarðsverði sé heimilt að loka leiðum eða svæðum sem skulu vera opin samkvæmt verndaráætlun upp á sitt einsdæmi. Gera verður þá kröfu að það sé gert í samráði við svæðisráð á viðkomandi svæði.

Að lokum er gerð alvarleg athugasemd við að fyrstu drög laganna hafi ekki verið kynnt þeim sveitarfélögum sem liggja að garðinum og hagsmuna eiga að gæta varðandi nýtingu og aðkomu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.